



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 10.10.2014

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og Sóttvarnalækni.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni
- Loftgæði
- Sviðsmyndir

Fundargerð

- Síðustu vikuna hefur gosið haldist óbreytt og sviðuðu hraunflæði og verið hefur undanfarnar vikur.
- Sigið í öskju Bárðarbungu heldur áfram með svipuðum hraða og áður.
- 13 skjálftar stærri en M3,0 hafa mælst frá hádegi á miðvikudag, allir við öskju Bárðarbungu. Þeir stærstu voru M5,2 kl 15:24 á miðvikudag og kl. 21:22 í gær fimmtudag.
- Mjög lítil skjálftavirkni mælist við norðurhluta gangsins.
- GPS mælingar sýna minniháttar hreyfingar. Ekki miklar breytingar.
- Engar breytingar sjást á vatnamælum sem ekki er hægt að skýra með veðurfarsbreytingum.
- Loftgæði:
 - Í dag (föstudag) lítur út fyrir hæga norðlæga eða breytilega átt og gæti orðið vart við gosmengun suður og suðvestur af upptökunum, á Suðurlandi, frá Þorlákshöfn í vestri allt að Skeiðarársandi í austri. Á morgun (laugardag) er búist við ákveðnari norðaustanátt og gæti orðið mengunar vart frá Hellisheiði austur að Höfn í Hornafirði. Spána má sjá á www.vedur.is/vedur/spar/textaspar/oskufok/ Einnig má sjá gagnvirkt kort af gasdreifingu á síðunni www.vedur.is/vedur/spar/gasdreifing
 - Á forsiðu vefs Veðurstofunnar er vefsvæði þar sem fólk er beðið um að skrá brennisteinsmengun sem það verður vart við, sjá [skrá mengun](#) í haus vefsins.
- Leiðbeiningar:
 - Ef fólk finnur fyrir óþægindum er mælt með að halda sig innandyra, loka gluggum, auka kyndingu og slökkva á loftræstingu. Gott er að lofta vel út þegar loftgæði eru góð. Fólk sem finnur fyrir óþægindum er hvatt til þess að hafa samband við sína heilsugæslustöð. Tafla um viðbrögð við loftmengun hefur verið birt á vef Umhverfisstofnunar www.ust.is. Hægt er að fylgjast með mælingum á loftgæðum á síðunni www.loftgæði.is Veðurstofan birtir textaspár á vef sínum og viðvaranir eftir því sem aðstæður breytast.
 - Tilmæli og leiðbeiningar frá Sóttvarnalækni og Umhverfisstofnun má finna á heimasíðum stofnananna. www.ust.is og www.landlaeknir.is
 - Veðurstofan birtir spár um útbreiðslu brennisteinstvíldis á vefnum www.vedur.is en þær eru einnig lesnar með



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



veðurfregnum. Leitast er við að koma spánum til skila í sjónvarpsveðurfréttum.

- Umhverfisstofnun er að skipuleggja dreifingu handmæla víða um land til að bæta upplýsingaöflun um dreifingu mengunarinnar.
- Hægt er að senda inn fyrirspurnir og upplýsingar til Umhverfisstofnunar vegna loftmengunar á netfangið gos@ust.is. Umhverfisstofnun óskar sérstaklega eftir upplýsingum frá fólki sem hefur orðið vart við mikla mengun; hvar það var statt, tímasetningu, lýsingu á gasmekki, eins og lit og skyggni, og lýsingu á áhrifum (sviði í augum o.s.frv.).
- Þrír möguleikar eru áfram taldir líklegastir um framvindu:
 - Gosið í Holuhrauni fjarar út og öskjusig í Bárðarbungu hættir.
 - Stórt öskjusig í Bárðarbungu. Gos í Holuhrauni verður langvinnt eða vex. Mögulegt er að sprungan lengist til suðurs inn undir Dyngjujökul og valdi jökulhlaupum og gjóskufalli. Einnig er mögulegt að sprungur opnast annars staðar undir jöklinum.
 - Stórt öskjusig í Bárðarbungu og gos í öskjubroti. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Öskufall gæti orðið nokkurt.Ekki er hægt að útiloka aðrar sviðsmyndir.
- **Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er áfram appelsínugulur fyrir Bárðarbungu.
- Vísindamannaráð almannavarna hefur ákveðið að fundir ráðsins verði haldnir mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Næsti fundur vísindamannaráðs verður mánudaginn 13. október.

Ríkislögreglustjórnin almannavarnadeild www.almannavarnir.is www.avd.is Twitter: [@almannavarnir](https://twitter.com/almannavarnir)